



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um drög að frumvarpi til laga um brottfararstöð

9. október 2025

Landssamtökin Þroskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir, einhverft fólk og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist, sem og á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Íslenska ríkið fullgilti samning SP um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og frumvarp um lögfestingu samningsins er til meðferðar á Alþingi og þá er í gangi af hálfu ríkisins sérstök landsáætlun um innleiðingu hans.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að frelsissvipting er mjög mikið og alvarlegt inn grip í afar mikilsverð mannréttindi og leiðir beint og óbeint til mikilla og margvíslega skerðinga á mörgum öðrum mannréttindum. Samtökin telja því bráðnauðsynlegt að við undirbúning og samningu þess frumvarps, sem hér er til umsagnar, verði þess afar vel gætt að lögin og öll framkvæmd þeirra og eftirlit með þeirri framkvæmd verði í fullkomnu samræmi skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem íslenska ríkið hefur undirgengist.

Í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks eru ýmis ákvæði sem hafa verulega þýðingu m.t.t. þess máls sem hér er til umsagnar.

4. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**. Þar segir:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnáætlunar og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum, ...

11. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð**. Greinin er svohljóðandi:

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðalögum, þ.m.t. alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til

þess að tryggja vernd og öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir, þar á meðal vopnuð átök, neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamfarir.

5. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Jafnrétti og bann við mismunun** og hljóðar svo:

1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.
3. **Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.**

Viðeigandi aðlögun er skilgreind svo í 2. gr. samningsins: „Viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggjt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi.

13. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Aðgangur að réttinum**. Þar segir:

1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, **meðal annars með að lögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þ.m.t. á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.**
2. Í því skyni að tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.

14. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Frelsi og öryggi einstaklingsins** og hljóðar svo:

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við aðra:
 - a) njóti réttar til frelsis og persónulegs öryggis,
 - b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða geðþóttaákvörðunum og að frelssvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelssviptingu.
2. **Sé fatlað fólk svipt frelsi sínu á einhvern hátt skulu aðildarríkin tryggja að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og að meðferð þess samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.**

Þá er augljóst að mannúðarsjónarmið verða, eðli máls samkvæmt, að hafa mjög mikið vægi við túlkun og beitingu mannréttindaákvæða laga og fjölþjóðasamninga, almennt og sérstaklega þegar mjög jaðarsett og berskjaldað fólk á hlut að máli og mjög mikilsverð mannréttindi og veigamiklir hagsmunir þess eru í húfi. **Þetta á augljóslega við um fatlaða hælisleitendur og flóttafólk og fötluð og ófötluð börn.**

Landssamtökin Þroskahjálpi telja mjög mikið skorta á að útlendingayfirvöld hafi gætt þessa nægilega vel við meðferð mála og ákvarðanir í málum fatlaðra hælisleitenda. Samtökin ítreka

Því eftirfarandi ályktun og áskorun til dómsmálaráðherra, sem samþykkt var á landsþingi samtakanna árið 2021:

Landsþing Landssamtakanna Þroskahjálpar skorar á stjórnvöld að innleiða verklag sem tryggir að tekið sé fullt tillit til fötlunar við meðferð mála fatlaðs flóttafólks og fatlaðra umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið leggja Landssamtökin Þroskahjálp mjög mikla áherslu á að þess verði sérstaklega vel gætt við undirbúning, gerð og framkvæmd þeirra laga, sem hér eru til umsagnar, að taka fullt tillit til ákvæða samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, eins og íslenska ríkinu er skylt að gera, sbr. ákvæði 4. gr. samningsins og lýsa samtökin miklum vilja til virks og náins samráðs við dómsmálaráðuneytið við það mikilvæga verkefni. Samtökin vísa í því sambandi til **3. mgr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks**, sem hljóðar svo:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar